



Ávarp umdæmisstjóra Inner Wheel á Íslandi flutt við setningu Umdæmisþings Rótarý á Íslandi í Garðabæ 10. október 2014.

Umdæmisstjóri Guðbjörg Alfreðsdóttir, rótarýfélagar og gestir.

Það er mér mikill heiður að standa hér frammi fyrir ykkur í þessu embætti sem umdæmisstjóri Inner Wheel á Íslandi og ekki síst vegna þess að klúbburinn minn Inner Wheel Hafnarfjörður stofnaði Inner Wheel klúbbinn í Görðum 1994 en hann tengist Rótarýklúbbum Görðum.

Inner Wheel hreyfingin er félagsskapur kvenna um allan heim. Þær hafa það að markmiði að efla sanna vináttu, efla mannleg samskipti og að auka alþjóðlegan skilning.

Mannúðarverkefni International Inner Wheel undanfarin ár er „Happier future – Giving children a better live“ eða Bjartari framtíð – gefum börnum betra líf. Þetta er alþjóðlegt verkefni. Markmiðið kemur fram í heiti þess og hefur hver klúbbur eða umdæmi frjálsar hendur og tækifæri til að styðja við og styrkja börn í sinni heimabyggð eða út um heim.

Light the path eða Lýsum leiðina eru einkunnarorð Inner Wheel hreyfingarinnar í ár sem frú Abha Gupta frá Indlandi forseti IIW hefur valið. Hún velur þessi orð til að lýsa leiðina til vináttu, þjónustu og elsku við náungann. Þegar við lýsum leiðina opnast augu okkar, við öðlumst meiri visku og við sjáum betur ekki bara með augunum heldur líka með hjartanu, höndunum og sálinni. Glampinn kemur innan frá og með neistanum lýsum við leiðina vonandi til bjartari framtíðar.

Inner Wheel má rekja aftur til ársins 1923 í Manchester á Englandi. Þá höfðu eiginkonur rótarý manna margar hverjar starfað við hlið manna sinna að ýmsum mannúðarstörfum og fannst tími til kominn að mynda formlega klúbb sem byggði á inntaki Rótarý. Hlutverk klúbbsins átti að vera tvíþætt, að auka sanna vináttu og að veita meiri mannúðarþjónustu. Merki Inner Wheel var valið hjólið hið innra hjól Rótarý.

Fyrsti fundurinn var haldinn 10. janúar 1924, þannig að í ár eru liðin 90 ár frá stofnun fyrsta klúbbsins. Það hefur margt gerst á 90 árum og nú eru Inner Wheel klúbbar í 103 löndum með um 103.000 félag. 1973 barst hreyfingin til Íslands og var fyrsti klúbburinn stofnaður í Reykjavík og síðan voru klúbbar stofnaðir út um landið, í Hafnarfirði, Keflavík, á Selfossi, Akureyri, Stykkishólmi, í Borgarnesi, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi og síðasti klúbburinn var einmitt stofnaður hér í Garðabæ 1994 af Inner Wheel klúbbum í Hafnarfirði. Klúbbunum hefur fækkað og eru núna 7.

En af hverju að ganga í Inner Wheel, hvað gefur Inner Wheel mér. Ég fór í Inner Wheel af því að maðurinn minn var í Rótarý, hann Guðni Gíslason. Á þeim tíma voru samtökin eingöngu fyrir maka rótarýmanna. En markmiðin höfðu líka til mín. Vináttan eru öllum nauðsynleg. Ég hef kynnst konum á öllum aldri sem ég hefði kannski aldrei annars hitt. Á samkomum með Rótarý er ég málkunnug fleirum og finnst ég vera partur af stærri heild. Ég hef líka fengið tækifæri til að vera í forystu í mínum klúbbi og öðlast færni í því að koma fram og vera í forsvari. Í dag er hreyfingin opin fyrir öllum kvenkyns skyldmönnum IW og Rótarý og við getum núna einnig boðið vinkonum í klúbbinn með samþykki klúbbfélaga. Eftir að síðasta ákvæðið var samþykkt hefur félögum fjölgað um allan heim. Ekki er jafnrétti enn sem komið er fyrir bæði kyn en við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Það er mikið rætt um það innan Inner Wheel að Rótarý taki hugsanlega félagi frá okkur. Fyrir mér eru þetta tvö félög sem ættu að vinna saman, þau gætu staðið sameiginlega að ýmsum verkefnum. Tek sem dæmi Noreg þar sem Inner Wheel og Rótarý starfa saman að verkefninu Sumarbúðir fyrir fatlaða og í Svíþjóð þar sem er verkefnið Læknar í Kenýa, þar styðja Rótarýmenn karlkynið og Inner Wheel kvenkynið þ.e. lækna og hjúkrunarfólk

Eitt svona til gamans. Í Búlgaríu er Rótarýklúbbur þar sem allar eiginkonurnar eru í Inner Wheel. Þeim var líka öllum boðið að ganga í Rótarý en ég hef ekki fregnir af því hvernig það gekk.

Ég hvet rótarýfélaga til að segja eiginkonum sínum frá Inner Wheel hreyfingunni, því markmið mitt er að fjölga félögum í Inner Wheel á Íslandi, endurvekja klúbbana úti á landsbyggðinni og jafnvel stofna nýjan klúbb.

Orð Abha Gupta verða mín lokaorð

„Lýsum leiðina“ að Bjartari framtíð:

Virðingu og viðurkenningu kvenna

Góðri heilsu fyrir alla og heilbrigðari heimsmynd

Bjartari framtíð fyrir börn

Menntun fyrir næstu kynslóðir

Hreint og grænt umhverfi.

Ég óska þess að þið eigið vel upplýst ár framundan með opnum huga og upplýstum hjörtum fullum af ást, góðvild og gleði.

*Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir Inner Wheel Hafnarfirði
umdæmisstjóri Inner Wheel á Íslandi
starfsárið 2014-2015*